

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



Reykjavík 26. mars 2015  
UST201503-148/E.R.J.  
04.03

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um að draga úr plastpokanotkun 166. mál.

Góðan dag.

Það er okkur sönn ánægja að fá að gefa umsögn um þingsályktunartillögu þessa sem fjallar um að draga þurfi úr plastpokanotkun.

Bæði á 143. og 144. löggjafarþingi hafa verið lagðar fram þingsályktunartillögur þar sem kallað var eftir því til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins að kanna hvort rétt væri að grípa til aðgerða hér á landi til að draga úr plastpokanotkun. Umhverfisstofnun telur um brýnt mál að ræða sem vinnur afar vel með almennri markmiðasetningu ríkisins, í til að mynda málum sem snúa að úrgangsförvörnum, mengun í hafi og grænu hagkerfi.

Umhverfisstofnun hafði því frumkvæði að því á haustmánuðum 2014 að leggja fram tillögu að aðgerðum til að draga úr plastpokanotkun á Íslandi. Verkefnið snerist um að greina stöðuna hér á landi, draga saman helstu aðgerðir annarra ríkja og setja fram tillögur um aðgerðir. Einnig var gerð verkefnaáætlun til að auðvelt væri að ýta verkefninu úr vör og verkefnið skilgreint út frá m.a. mögulegum tímamma, helstu hagsmunaaðilum, tengdum verkefnum o.fl. Mikil áhersla var lögð á að hugsanlegar aðgerðir yrðu unnar í samvinnu við hagsmunaaðila, um þær ríkti sátt og að kynning á verkefninu væri öflug og jákvæð.

Verkefnið var kynnt fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þann 14. október 2014 og tillögurnar afhentar fundarmönnum. Einnig var tillöguskjalið sent formlega til UAR þann 21. október 2014.

Í Evrópuþinginu liggja til umræðna tillögur að breytingar á umbúðatilskipun Evrópusambandsins er varða takmarkanir á notkun plastpoka sem munu koma til innleiðingar á Íslandi ef þær verða samþykktar. Í ljósi aukinnar umræðu víðsvegar í samfélaginu, ásamt því frumkvæði sem þó nokkur sveitarfélög hafa sýnt, má segja að tíminn sé réttur fyrir stefnumótun og aðgerðir að hálfu ríkisins sem miða að því að draga stórlega úr notkun plastpoka, umhverfinu og samfélaginu til góða.

  
Elva Rakel Jónsdóttir

Virðingarfyllst

  
Gunnlaug H. Einarsdóttir

Meðfylgjandi:  
Tillaga um aðgerðir til að draga úr plastpókanotkun  
Skilgreining verkefnis og áhættugreining  
Myndir – UST kynnir UAR tillögurnar



## Viðauki 1 – Skilgreining verkefnis

Verkefnið	
Heiti verkefnis	„Plastpokalaust Ísland“ (vinnuheiti)
Dags	1.10.2014
Skipulag verkefnis Eigandi, verkefnisstjóri, vinnuhópur	<ul style="list-style-type: none"> <li>Eigandi verkefnis – Umhverfisráðuneyti</li> <li>Verkefnisstjóri – NN</li> <li>Vinnuhópur – NN</li> </ul>
Staða Forsaga – staða - lýsing verkefnis – hvað er að?	<ul style="list-style-type: none"> <li>Burðarþokar úr plasti eru mikið notaðir vegna þess hve þeir eru þunnir, léttir og endast vel. En það er einmitt endingin sem skapar mestu umhverfisáhrifin af notkun þeirra en þeir brotna afar hægt niður í umhverfinu. Þótt þeir séu jafnvel einungis notaðir einu sinni geta þeir verið í umhverfinu í hundruðir ára, brotna niður í míkroplast sem síðan getur borist í jarðveg, vötn og sjó og er skaðlegt fyrir lífríki, fæðukeðju og vistkerfi. Plastnotkun skapar því mikla mengun og getur haft í för með sér mikinn kostnað fyrir bæði ríki og atvinnugreinar.</li> </ul>
Markmið; beinn árangur eða áhrif Hvert er hið eiginlega markmið með verkefninu, eru einhver undirmarkmið? Ath. mælanleika markmið a og árangursmælikvarða	<ul style="list-style-type: none"> <li>Krafan í ESB tillögunni að breyttri umbúðatilskipun er að búið verði að draga úr plastpokanotkun um 50% árið 2017 og 80% árið 2019 miðað við magntölur frá 2010.</li> <li>Eðlilegt er að Ísland miði við þær kröfur sem settar verða fram í tilskipuninni.</li> <li>Ísland getur valið um hvernig markmiðum skal náð og hvernig skuli mæla árangur. Þar ætti að líta til þess hvaða lausnir önnur lönd hafa nýtt sér, sjá skjal „Tillaga um aðgerðir til að draga úr notkun plastpoka“.</li> </ul>
Afurðir og lokaútkoma: Meginþættir í framkvæmd verkefnisins. Helstu afurðir, hvernig verður skilum háttáð.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Mögulegar aðgerðir sem sporna við plastpokanotkun. <ul style="list-style-type: none"> <li>Skattur lagður á plastpoka</li> <li>Bann við plastpokum að einhverju eða öllu leyti</li> <li>Niðurgreiðslur á öðrum umbúðum, svo sem maíspokum</li> <li>Hagrænir hvatar til grænnar nýsköpunar í plastiðnaði</li> </ul> </li> <li>Mat á plastpokanotkun Íslendinga, sem sýnir hvort notkun dregst saman.</li> </ul>
Helstu tímasetningar Upphaf, vörður, endir	<ul style="list-style-type: none"> <li>Allar tímasetningar eru bráðabirgða og verður að skoða betur: <ul style="list-style-type: none"> <li>15. janúar 2015 <ul style="list-style-type: none"> <li>– Vinnuhópur stofnaður og verkefnastjóri tilnefndur</li> </ul> </li> <li>15. janúar til 1. sept 2015 <ul style="list-style-type: none"> <li>– Vinnuhópur fundar með hagsmunaaðilum</li> </ul> </li> <li>1. mars 2015 <ul style="list-style-type: none"> <li>– Umhverfis- og auðlindaráðherra kynnis hvaða aðgerðir eru hafnar, sbr. þingsályktunartillögu.</li> </ul> </li> <li>1. sept 2015 <ul style="list-style-type: none"> <li>– Aðgerðaráætlun send í umsagnarferli</li> </ul> </li> <li>1. okt 2015 <ul style="list-style-type: none"> <li>– Aðgerðaráætlun samþykkt. Frétt birt um aðgerðaráætlun og markmið stjórnvalda. Búið að skilgreina hver sinnir innleiðingu aðgerðanna og fylgist með framvindu verkefnisins.</li> </ul> </li> <li>1. okt 2015 til 15. jan 2016 <ul style="list-style-type: none"> <li>– Kynningarefni og heimasíða undirbúið</li> </ul> </li> <li>15. jan 2016 <ul style="list-style-type: none"> <li>– Blaðamannafundur ráðherra, verkefni ýtt úr vör</li> </ul> </li> <li>1. okt 2016 <ul style="list-style-type: none"> <li>– Mat á framvindu og rýni á aðgerðaráætlun</li> </ul> </li> <li>1. okt 2017 <ul style="list-style-type: none"> <li>– Mat á framvindu og rýni á aðgerðaráætlun</li> </ul> </li> <li>1. okt 2018 <ul style="list-style-type: none"> <li>– Mat á framvindu og rýni á aðgerðaráætlun</li> </ul> </li> </ul> </li> </ul>
Umfang verkefnis	

<p><b>Umfang:</b> Til hvaða þátta nær verkefnið og til hvaða þátta nær það ekki.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Verkefninu er ætlað að draga verulega úr notkun plastpoka undir 0,05 mm á þykkt, sem samsvara venjulegum innkaupapokum og pokum úr grænmetisdeildum verslana. Það verður gert með því að: <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Móta aðgerðaráætlun í samvinnu við hagsmunaaðila sem að öllum líkindum felur í sér annað hvort stór aukin gjöld á pokana eða einhvers konar bann. Mikilvægt er að slík samvinna náist og að hún verði unnin á jákvæðum nótum.</li> <li>○ Ná eins miklum sáttum um lausnina og hægt er, t.d. með samráðs- og kynningarfundum við stærri hóp hagsmunaaðila og umsagnarferli.</li> <li>○ Útbúa kynningarefni fyrir verkefnið sem miðast hvoru tveggja að verslunum og almenningi og virkjar samtakamáttinn.</li> <li>○ Taka saman mótsvör við gagnrýnisröddum og vera tilbúin að benda á lausnir, sbr. „hvað á að nota í ruslatunnumar?“, „hver er lífsferilskostnaður maíspoka vs. plastpoka?“ og „hvað getur komið í staðinn fyrir þunnu grænmetispokana?“.</li> </ul> </li> <li>• Verkefni nær að svo stöddu ekki til þykkari plastpoka, plastfilmu eða annarra plastumbúða.</li> </ul>
<p><b>Hagsmunaaðilar</b> Hverjir eru þeir hópar eða aðilar sem verða fyrir áhrifum af verkefninu og hverjir eru það sem þurfa að vera með í samskiptum, ákvörðunartökufarli eða vera upplýstir? Gerð er sérstök hagsmunaaðilagreining ef það á við.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umhverfis- og auðlindaráðuneytið</li> <li>• Fjármála- og efnahagsráðuneytið</li> <li>• Umhverfisstofnun</li> <li>• Samband íslenskra sveitarfélaga</li> <li>• Samtök iðnaðarins</li> <li>• Samtök verslunar og þjónustu</li> <li>• Neyendasamtökin</li> <li>• Fulltrúar stærstu lágvöruverðsverslanna</li> <li>• Fulltrúar gámaþjónustuaðila og sorpsamlaga</li> </ul>
<p><b>Önnur verkefni</b> Hvaða önnur verkefni eru í vinnslu sem geta haft áhrif á þetta verkefni eða öfugt.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tillaga að breytingum á tilskipun nr. 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang sem hefur það að markmiði að draga úr notkun á burðarpokum úr plasti</li> <li>• Þingsályktunartillögur, bæði á 143. og 144. lögjafarþingi</li> <li>• Aðgerðaráætlun um úrgangsfornir</li> <li>• Ótal verkefni eru yfirstandandi um plast í hafi og á ströndum, bæði íslensk og norræn</li> </ul>
<b>Öflun auðlinda</b>	
<p><b>Arðsemi verkefnisins / kostnaður</b> Áætluð aukning í tekjum á ári, áætlaður kostnaður verkefnisins á ári, áætlaðar sparnaður á ári</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rétt er að verkefninu verði markaðar tekjur sem fara í: <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Verkefnastjórn</li> <li>○ Kynningu</li> </ul> </li> </ul>
<b>Skípulag</b>	
<p><b>Samskipti og upplýsingamiðlun</b> Hvenær haldnir fundir í vinnuhóp, hverjir upplýstir um gang mála, hverjir fá senda fundargerð ? Stöðufundir.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Verður mótað betur þegar verkefni er farið af stað.</li> </ul>

## Viðauki 2 – Áhættugreining verkefnis

Möguleg atvik	Afleiðingar (1–5)	Líkur (1-5)	Aðgerðir til að draga úr afleiðingum og líkum
Breyta þarf lögum	3	3	Fer eftir hvaða lausn er valin
Plastframleiðendur ósáttir	3	5	Þeir verða seint sáttir, en má kynna sem möguleika á að markaðssetja nýjar vörur, sbr. maíspoka eða fjölnota plastpoka
SVÞ eða SI ósátt	3	3	Mikið samráð og samvinna
Úrgangsfyrirtæki ósátt	2	1	Fara í gegnum mögulegar lausnir og vankanta með þeim
Verslunareigendur ósáttir	4	4	Fara í gegnum mögulegar lausnir og vankanta með þeim
Almenningur ósáttur	2	1	Vera með svör á reiðum höndum og mikla, jákvæða kynningu
Pólitík stoppar málið	2	1	Ólíklegt, í ljósi nýjustu þingsályktunartillögunnar um málefnið
Ekki nægileg verkefnastjórnun/undirbúningur/innleiðing	5	2	Skilgreina vel kostnað, ábyrgð, tímasetningar og markmið

Spurningar sem þarf að svara
Af hverju eru plastpokar vandamál?
Hvað notum við í ruslatunnurnar okkar?
Hvað notum við til að bera heim vörurnar okkar?
Hvernig berum við heim ávexti og grænmeti ef enginn glærir pokar í boði?
Skemmast ávextir og grænmeti frekar ef þau eru ekki borin heim í glærum pokunum?
Hvað með kjöt sem gæti lekið kjötsafa í margnota pokann?
Er sóðaskapur af margnota pokum?
Eru margnotapokar dýrari?
Eru maíspokar dýrari?
Erum við að taka mat frá fólki annars staðar í heiminum með því að kaupa maíspoka?
Er lífsferilskostnaður maíspoka meiri en plastpoka?

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
21. okt. 2014	
6.4.0	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. október 2014  
Tilvísun: UST20141000161/þek


### Aðgerðir til að draga úr notkun plastpoka

Það dylst engum að mengun sem hlýst af plastpokanotkun hefur skaðleg áhrif á lífríki jarðar og plast í hafi er vaxandi vandamál. Í þípunum er ESB tilskipun sem miðar að því að draga úr plastpokanotkun. Einnig hafa á síðasta ári verið lagðar fram tvær þingsályktunartillögur þess efnis að unnið verði að því að minnka plastpokanotkun landans. Sveitarfélög hafa mörg hver lýst yfir áhuga á að skoða þetta nánar og Stykkishólmsbær er nú burðarplastpokalaust bæjarfélag.

Eitt af ársáætlunarverkefnum Umhverfisstofnunar var að skoða möguleika ríkisins til að draga úr plastpokanotkun. Neytendateymi stofnunarinnar hefur safnað saman upplýsingum um reynslu annarra landa og tekið saman helstu niðurstöður. Jafnframt hefur teymið gert greiningu á því hvernig hægt væri að vinna verkefni sem miðar að því að draga úr plastpokanotkun á Íslandi.

Umhverfisstofnun vonast til þess að þessi greining auðveldi umhverfisráðuneytinu að setji slíkt verkefni á laggirnar.

Virðingarfyllt

  
Kristin Linda Arnadóttir  
forstjóri



## MINNISBLAÐ

---

Frá: Umhverfisstofnun

Til: Umhverfis- og auðlindaráðuneytis

Dagsetning: 01.10.2014

Efni: Tillaga um aðgerðir til að draga úr notkun plastpoka

---

Burðarpokar úr plasti eru mikið notaðir vegna þess hve þeir eru þunnir, léttir og endast vel. En það er einmitt endingin sem skapar mestu umhverfisáhrifin af notkun þeirra en þeir brotna afar hægt niður í umhverfinu. Þótt þeir séu jafnvel einungis notaðir einu sinni geta þeir verið í umhverfinu í hundruð ára, brotna niður í míkróplast sem síðan getur borist í jarðveg, vötn og sjó og er skaðlegt fyrir lífríki, fæðukeðju og vistkerfi. Plastnotkun skapar því mikla mengun og getur haft í för með sér mikinn kostnað fyrir bæði ríki og atvinnugreinar.

### Tillaga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins

Í ríkjum Evrópusambandsins eru notaðir yfir 100 milljarðar plastpoka á ári sem eru um 200 pokar á mann (4 í Danmörku og Finnlandi en hátt í 500 í Póllandi, Portúgal og Slóvakíu), sem hefur gríðarleg umhverfisáhrif í för með sér. Áætlað er að um 8-9 milljarðar poka endi sem rusl á ári. Sum ríki hafa gripið til aðgerða til að draga úr notkun plastpoka með góðum árangri, eða allt að 80% minnkun.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði fram tillögu að tilskipun í nóvember 2013 með það að markmiði að minnka notkun burðarpoka úr plasti í ríkjum sambandsins. Breytingin leggur skyldur á aðildarríki að minnka notkun á hefðbundnum plastpokum (nær til plastpoka/burðarpoka úr plasti sem eru minni en 0,05 millimetrar að þykkt, sem eru bæði þunnu grænmetispokarnir og venjulegir innkaupapokar stórverslana) en ríkjunum er eftir látið hvernig því markmiði verði náð, m.a. með banni, úrgangsaætlunum, gjöldum eða öðrum aðferðum. Tillagan er byggð á áætlun sem segir að árið 2010 notaði hver einstaklingur í ríkjum sambandsins um 200 plastpoka á ári og 90% þeirra voru þunnir pokar eins og ætlunin er að ná til. Slíkir pokar eru síður endurunnir. Að óbreyttu er líklegt að plastpokanotkun geti aukist. Krafa er að búið verði að draga úr plastpokanotkun um 50% árið 2017 og 80% árið 2019 miðað við magntölur frá 2010.

Tillagan er um breytingu á tilskipun nr. 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang. Breytingin verður EES tæk verði hún samþykkt og mun því koma til framkvæmda hér á landi í kjölfarið.

### Önnur ríki - bann

*Kalifornía* verður fyrsta ríki Bandaríkjanna sem *bannar notkun plastpoka*. Plastpokar verða teknir úr umferð í verslun og þjónustu. Bannað verður að dreifa eða selja plastpoka í matvöruverslunum, apótekum, áfengisverslunum o.s.frv. en bannið nær ekki til fataverslana eða raftækjaverslana að svo stöddu. Verslanir bjóða þess í stað upp á bréfpoka eða maíspoka en þeim verður gert að setja 10 centa gjald á slíka poka. Lán verða veitt framleiðendum til að breyta framleiðslu sinni þannig að þeir geti framleitt poka sem eru umhverfisvænir.

*Ítalía* er það ríki Evrópu sem gengið hefur hvað lengst í löggjöf sem miðar að því að minnka magn einnota innkaupapoka úr plasti. Notkun slíkra poka var mest á Ítalíu af öllum löndum Evrópu fram til ársins 2010 og samsvaraði 25% af heildarplastpokanotkun í Evrópu. Ítalía setti *bann við notkun innkaupapoka úr plasti* í janúar 2011 en lögin hafa orðið til þess að notkun einnota poka hefur minnkað úr 180 þúsund tonnum árið 2010 í 90 þúsund tonn árið 2013. Bannið felur í sér að í stað innkaupapoka úr plasti ber að nota innkaupapoka sem brotna hratt niður í náttúrunni en

matvöruverslanir selja nú innkaupapoka úr slíkum efnum, aðallega maís, eða endurnotanlega poka. Bannið hefur breytt venjum Ítala, sem nú sjást meira en áður með margnota poka í verslunarferðum og niðurbjótanlegu pokarnir nýtast almenningi þegar þeir flokka lífrænan úrgang.

### Önnur ríki - skattur

Árið 2002 var Írland fyrsta ríkið sem setti á gjald/skatt á notkun plastpoka (PlasTax). Notkun var um 1,2 milljarðar plastpoka á ári og leiddi skatturinn til þess að notkunin minnkaði um 90%. Gjaldið er 15 cent fyrir hvern poka og var aukið í 22 cent árið 2007. Sjóðurinn sem myndaðist er eyrnamerkur umhverfisvernd. Söluaðilar selja viðskipavinum sínum fjölnota poka. Gjaldið nær líka til poka sem þó brotna niður í náttúrunni eins og maíspokar. Þó eru undantekningar fyrir þykka poka og fyrir plast sem notað er utan um ferskar matvörur (kjöt og fisk).

Í Bretlandi hefur stefnan verið að hvetja fólk til að draga úr notkun plastpoka. Sett hefur verið 5 cent gjald/skattur á plastpoka til að reyna að draga úr notkun þeirra. Stefnan er þegar komin til framkvæmda í Wales (2011) þar sem notkun hefur dregist saman um 80% og á N-Írlandi (2013) þar sem notkun hefur dregist saman um 75%. Skotland og England hefja gjaldtöku fyrir poka í október 2014. Einnig eru einstakar verslanakeðjur með eigin áætlanir um að minnka plastpokanotkun. Í Bretlandi eru notaðir um 8-13 milljarðar plastpoka á ári hverju. Svipaðar aðgerðir (gjald/skattur) hafa leitt til þess að dregið hefur úr sölu plastpoka um 80% í Sviss.

Í Danmörku hafa verið sett ákvæði í lög 1994 að setja gjald á poka. og var þá miðað við plastpoka sem mætti skipta út fyrir taupoka, innkaupanet, töskur, o.s.frv. Gjaldtakan á við um burðarpoka úr pappír og plasti með hanka sem hægt er að binda saman, og sem að auki rúma minnst 5 lítra (frá botni upp að hanka), er auðvelt að skipta út fyrir taupoka, innkaupanet, töskur og ámóta. Það þarf ekki að greiða gjald fyrir lokaða poka („svæsaða í toppinn“, „topsvejsede“), poka sem líkjast innkaupaneti eða tösku, t.d. pokum úr mjög þykku plasti. Gjaldið er 10 DKK/kg fyrir poka úr pappír og 22 DKK/kg fyrir poka úr plasti.

Svíþjóð hefur ekki enn hafist handa við verkefni til að draga úr plastpokanotkun. Í samtali við umhverfisráðuneyti Svíþjóðar (Jerker Fossell, 22.8.214) kom í ljós að Svíar hafa ekki ákveðið enn hvaða aðgerða skuli gripið til, en þeir fylgjast náið með framvindu tilskipunarinnar. Þar sem búist er við að umræðu um tilskipunina verði lokið um áramóttin þá gera Svíar ráð fyrir að vera búnir að útfæra aðgerðir í lok árs 2015. Búið er að senda tillöguna um breytingu á tilskipuninni í umsögn meðal hagsmunaaðila og frá umsagnaraðilum komu ýmsar athugasemdir. Til að mynda var gagnrýnt að miða skuli við þykkt pokanna og menn því ýmist spurt hvort ekki eigi að líka að útiloka þykkari poka eða þá lýst því yfir að ekki skuli banna þynnstu pokana/pokana í grænmetisdeildunum því þeim sé ekki auðvelt að skipta út. Sú skoðun kom fram að ef þunnir pokar yrðu bannaðir þá myndu pokar í verslunum einfaldlega verða þykkari. Einnig komu athugasemdir um hvort mismunandi efnasamsetning eða áprentaðir litir kæmi ekki til skoðunar.

### Ísland

Í landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir árin 2013 – 2014 kemur fram að ætla megi að Íslendingar noti um 70 milljónir plastpoka á ári hverju. Það eru rúmlega 200 plastpokar á mann. Það eru því mikil tækifæri í því að ná markmiði um stórfellda minnkun á notkun plastpoka. Á 143. löggjafarþingi 2013-2014 var lögð fram þingsályktunartillaga um könnun á hagkvæmni þess að draga úr plastpokanotkun, um að kanna hvort rétt væri að grípa til sambærilegra aðgerða hér og gert hefur verið í sumum Evrópuríkjum til að draga úr notkun plastpoka. Á yfirstandandi þingi (144. löggjafarþingi) hefur verið lögð fram önnur tillaga til þingsályktunar (þingskjal 172 – 166. mál) að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að finna leiðir til að minnka plastpokanotkun hér á landi. Við val á leiðum til þess verði litið til annarra ríkja í Evrópu þar sem markvisst hefur verið dregið úr plastpokanotkun. Aðgerðaáætlun verði birt fyrir 1. mars 2015.



Nokkuð hefur verið unnið gegn notkun plastpoka á sveitarstjórnarstiginu. Nokkur sveitarfélög á Íslandi eru þegar komin í gang með átaksverkefni til þess að sporna við notkun innkaupapoka úr plasti, eins og Stykkishólmsbær, Hafnarfjörður, Garðabær og Árborg. Stykkishólmur hlaut m.a. sérstakan styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til tilraunaverkefnis sem felur í sér að gera Stykkishólm að burðarplastpokalausum sveitarfélagi. Það hefur gengið vel en aðal lágvöruslunin í bænum hefur þó ekki tekið þátt að fullu enn sem komið er.

### Tillaga UST

Umhverfisstofnun leggur til að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefji vinnu við stefnu og framkvæmd um að minnka notkun venjulegra plastpoka hér á landi, í samræmi við tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og byggða á aðgerðum og reynslu annarra ríkja. Slíkt verkefni vinnur afar vel með áætlun um að draga úr úrgangsmýndun.


Verkefnið getur verið falið stofnuninni eða öðrum aðila en nauðsynlegt er að því verði markaðar tekjur og tímarammi.

Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á að verkefnið verði unnið í náinni samvinnu við alla hagsmunaaðila og með góða og jákvæða kynningu í huga.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þegar verkefnið og markmið þess verða kynnt verði tilbúin svör við líklegum athugasemdum, sem geta bæði verið jákvæðar og neikvæðar (dæmi um neikvæðar athugasemdir gætu verið að miða við þykkt plastpoka eða að niðurbrotanlegir pokar þoli illa vatn).

Því hefur Umhverfisstofnun mótað lýsingu á verkefninu, skilgreint helstu hagsmunaaðila og gert áhættugreiningu á verkefninu til að auðvelda framgang verkefnisins. Sjá viðauka.

Það er von stofnunarinnar að sameiginlegur skilningur sé um nauðsyn þess að draga úr notkun plastpoka á Íslandi og að víðtæk sátt náist meðal hagsmunaaðila og almennings um þá leið sem verður fyrir valinu.





Mögulegar  
 aðgerðir  
 Skattur  
 - Bann við notkun  
 - Klúggjafsla &  
 matvæðum  
 - Hægrær hvatar  
 plastfásir

ISLAND - ÞOKA  
 70 milljónir  
 ÞOKA  
 200 þokar  
 mann  
 Lausnarmarkaður  
 Sameaður  
 Viðtæk  
 kynninga  
 Þjóðin  
 bynni  
 50.05 mm

FSB tilskipning  
**LYFJAVER**  
 Samfélags- og heilbrigðisráðgjafi  
 Samskipti: 222 2222  
 Netfang: lyfjaver@fsb.is  
 Vefur: www.lyfjaver.is



Handwritten text on a piece of paper, partially obscured by other items.

Handwritten text on a piece of paper, possibly a list or notes.

